

Ed.

734. Tillaga

til þál. um leigu á landi Garðakirkju á Álftanesi.

Flm.: Jón Baldvinsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leigja Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr landi Garðakirkju á Álftanesi, er fellur í hlut heima- jarðarinnar við skipti þau, er nú fara fram á áður óskiptu landi jarðarinnar.

Greinargerð.

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta úr landi Garðakirkju var vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá.

En þótt málinu væri þannig vísað frá, þá fól rökstudda dagskráin í sér ákorun til ríkisstjórnarinnar um að leggja „fyrir næsta þing heimild um sölu á Garðakirkjulandi til Hafnarfjarðarkaupstaðar“. Má því ganga út frá því vísu, að slík heimild verði samþykkt á næsta þingi.

En þessi ársdráttur á málinu þýðir, að Hafnarfjarðarkaupstaður getur eigi á þessu sumri látið bæjarbúa fá land til ræktunar, en það er þó mjög nauðsynlegt, vegna hins mikla atvinnuleysis, sem nú er í Hafnarfirði, eins og raunar annarsstaðar, og má því engu tækifæri sleppa, þar sem hægt er að taka upp arðvænlegt verk.

Er þessi þingsályktunartillaga fram borin í því skyni, að ríkisstjórnin geti nú á þessu sumri leigt Hafnarfjarðarkaupstað landið, svo það megi nú strax taka það til ræktunar.

Eftir undirtektum um málið ætti það að vera nokkurn veginn víst, að veitt verði á næsta þingi heimild sú um sölu á landi þessu, er nú var farið fram á, og ætti því ríkisstjórninni að vera óhætt að selja Hafnarfjarðarkaupstað landið á leigu.